

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 2/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/686 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum og kröfur varðandi rekjanleika og dýraheilbrigði vegna tilflutninga innan Sambandsins á kímefni úr tilteknum landdýrum í haldi ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/999 frá 9. júlí 2020 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum og rekjanleika kímefna úr nautgripum, svínum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísa og sæði. Löggjöf á þessu sviði á ekki við um Ísland eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Ísland.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki eiga við um Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 99.

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 13b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/690) í hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„13c. **32020 R 0686**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/686 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum og kröfur varðandi rekjanleika og dýraheilbrigði vegna tilflutninga innan Sambandsins á kímefni úr tilteknum landdýrum í haldi (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 1., 2. og 3. mgr. 49 gr. er orðunum „eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2021 frá 5. febrúar 2021, eftir því hvor dagsetningin er síðar,“ bætt við á eftir orðunum fyrir „21. apríl 2021“.

Ákvæði þessarar gerðar eiga ekki við um Ísland.

13d. **32020 R 0999**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/999 frá 9. júlí 2020 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum og rekjanleika kímefna úr nautgripum, svínnum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt (Stjtið. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 99).

Ákvæði þessarar gerðar eiga ekki við um Ísland.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/999, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2020 frá 11. desember 2020 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING